Gönguleiðir á Mýrum

Inngangur

Sveitin Mýrar í Austur-Skaftafellssýslu liggur á milli Suðursveitar í vestri og Nesja í austri. Vesturmörk sveitarinnar eru úr Hafrafellshálsi um Hánípu til sjávar austan Sævarhólalands, en austurmörk eru við Hornafjarðarfljót. Mýrar eru einn hinna gömlu hreppa sem sameinuðust í Sveitarfélagið Hornafjörð. Sveitin er einstök perla fyrir alla þá sem áhuga hafa á jöklum, landmótun jökla, jarðfræði, fuglalífi, náttúruskoðun og útivist. Sögustaðir og menningarminjar eru við hvert fótmál. Aðgengi að jöklum er á fáum stöðum auðveldara og hvergi hefur sambýli manna við jökla verið nánara en á landræmunni sunnan Vatnajökuls, þar sem jöklar hafa gengið hvað næst mannanna byggðum hér á landi. Ef frá er talið fjalllendið við jökulröndina, einkennast Mýrar af miklu flatlendi og víðáttu, eins og nafnið gefur til kynna. Dreifing bæjarstaða endurspeglar baráttu íbúa við jökulvötnin, en þau eru nær öll staðsett á lágum holtum sem standa upp úr flatlendinu. Gönguleiðir á Mýrum eru fjölbreyttar og ná yfir margar landgerðir, frá fjöru til fjalla. Vegna þess hversu flatlent er henta vegslóðar sem liggja út frá þjóðvegi 1 vel til hjólreiða og viljum við sérstaklega mæla með þeim ferðamáta.

Leiðalýsingar

1. Hjallaneshringur

Upphafsstaður: Bæjarhlað á Skálafelli. **Lengd:** 7 km ganga, um 2 – 3 klst. **Hækkun:** 120 m

Leiðarlýsing: Haldið er austur túnin. Í túnfætinum er *völvuleiði*. Nokkru austar má sjá gamlar hlóðir, hlaðnar úr torfi og grjóti og notaðar voru til ullarþvotta. Áfram er haldið fram hjá *Kistugili* og gengið upp á Hjallanesið og að *Kistugili* ofanverðu. Síðan austur að brún Skálafellsjökuls, sem áður fyrr myndaði ásamt *Heinabergsjökli* einn skriðjökul með Hafrafelli í miðju. Þessi hluti leiðarinnar er stikaður og öryggisskilti væntanleg. Mikið og fjölbreytt fuglalíf. Gengið er áfram með skriðjökultungunni u.þ.b. kílómeters leið alveg niður að útfalli Kolgrímu. Þarna má glöggt sjá hvernig jökullinn hefur sorfið og rispað klappirnar og í hvaða átt hann hefur skriðið. **Varasamt getur verið að fara of nálægt jöklinum því að ís er undir jökulruðningunum nokkuð út frá jökuljaðrinum. Þegar þessi ís bráðnar geta myndast hættulegir djúpir pyttir.** Niður við Kolgrímu er grjótnáma með dílabasalti. Grjót úr námunni var notað í sjóvarnargarða við Hornafjarðaróss. Það er einnig fallegt sagað og slípað. Að lokum er gengið meðfram ánni Kolgrímu, eftir grónum hlíðum neðan Hjallanna heim í bæjarhlað.



Kistugil — Mynd: Rannveig Einarsdóttir

2. Skálafell – Káravatn

Upphafsstaður: Bæjarhlað á Skálafelli. **Lengd:** 9 km **Hækkun:** 440 m

Leiðarlýsing: Nokkuð greiðfær leið þó að hækkun sé talsverð. Gengið er austur túnin og upp á Hjallanes. (Sjá leið 1). Þegar komið er upp á Hjallanesið er gengið upp hlíðar Skálafellshnútu með Svartagil á vinstri hönd og áfram allt að *Káravatni*. Frá *Káravatni* (*sjá markverðir staðir á Suðursveitarkorti*) má ganga sömu leið til baka eða leið 2 á Suðursveitarkorti.

3. Skálafell – Skálafellssel

Upphafsstaður: Bæjarhlað á Skálafelli **Lengd:** 4 km eða um 1 klst **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Gengið er eftir vegslóða vestur með hlíðinni, vestur yfir Háaleiti og endað við eyðibýlið Skálafellssel, þar sem eru greinilegar bæjartættur. Þaðan má ganga til baka aftur eða halda áfram eftir leið 1 á Suðursveitarkorti að Smyrlabjargarárvirkjun og síðan með Smyrlabjargará að leið 4 við Gleypuhraun.



Við steinbogann í Gleypuhrauni — Mynd: Í eigu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

4. Gleypuhraun - Smyrlabjargarárvirkjun

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1, rétt vestan Skálafells. **Lengd:** 2 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Létt og skemmtileg gönguleið sem allir ættu að komast. Gleypuhraun nefnist klettaþyrping suður af bænum Skálafelli. Fallegir klettar og einstaka seftjarnir setja svip sinn á svæðið. Gengið er vestur eftir línuvegi. Eftir stutta göngu er komið að stórum steinboga. Til merkis um stærð hans má nefna að 4 menn geta riðið samsíða undir hann. Klettarnir í austur frá boganum heita Kambahraun. Í norður frá boganum er grjóthleðsla sem mun vera gömul fjárrétt sem ber nafnið Gleypa. Þar var áður fyrr smalað saman
kvíám til mjalta. Mögulegt er að lengja gönguna með að halda áfram með Smyrlabjargaránni að virkjuninni sem er við leið 1 á Suðursveitarkorti og þaðan inn á leið 3 heim að Skálafelli.

Birki nemur land — Mynd: Sigurlaug Gissurardóttir

5. Austurland, litli – hringur

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1, rétt austan við Kolgrímu. **Lengd:** 2,5 km eða um klukkustund **Hækkun:** Lítilsháttar.

Leiðarlýsing: Gengið er eftir stikaðri leið meðfram hraunum Austurlandsins. Á leiðinni eru minjar um búskaparhætti liðinna tíma s.s. gömul hlaðin rétt og hellir sem notaður var sem fjárhús. Þegar komið er framhjá hellinum er gengið upp á klettana að Hellisvatni, fallegu stöðuvatni sem fáir vita um. Síðan er gengið eftir bökkum Kolgrímu að upphafsstað. Hægt er að ganga þessa leið bæði réttsælis og rangsælis.

6. Austurland, stóri - hringur

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1, rétt austan Kolgrímu. **Lengd:** 8 km eða 3 – 4 klst. **Hækkun:** Lítilsháttar.

Leiðarlýsing: Gengið er austur með klettabeltum Austurlands (sjá leið 5). Gamlar húsatóftir og búsetuminjar í bland við fallega kletta setja svip sinn á svæðið. Sveigt er til vinstri upp á Ása, með Hánípu á hægri hönd, en hún er austasti klettur í Austurlandi. Þar eru landamerki Suðursveitar og Mýra. Rétt norðan Hánípu er *gamla brúin yfir Heinabergsvötn*. Síðan er gengið vestur að Kolgrímu og þaðan niður með ánni og endað á upphafsstað. Leiðin er stikuð að hluta.

7. Heinabergslón – *Heinabergsvatnabrú*

Upphafsstaður: Heinabergslón. **Lengd:** 8 km eða 2 – 3 klst. **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekið er frá þjóðvegi 1 vestan Flateyjar eftir vegslóða, sem leið liggur inn að Heinabergslóni. Gengið er til suðvesturs meðfram lóninu, þar sem oft má sjá ísjaka á floti. Þegar komið er að útfalli Kolgrímu er ánni fylgt meðfram háum bökkum, þar til komið er í Austurlandið. Þá er beygt til austurs og gengið að *Heinabergsvatnabrú*. Hægt er að ganga af þessari leið inn á leið 6 og enda gönguna við Kolgrímubrú. Einnig má hefja göngu við *Heinabergsvatnabrú*.

8. Heinabergslón – Sáta - Bólstaðir – Heinar

Upphafsstaður: Heinabergslón eða Heinar **Lengd:** 5 km **Hækkun:** Lítil

Leiðarlýsing: Ekið er frá þjóðvegi 1 vestan Flateyjar sem leið liggur þar til leiðir greinast að Heinabergslóni og Heinum. Göngu má hefja á hvorum stað sem er, en mælt er með Heinabergslóni. Lagt er upp frá bílastæði og gengið sem næst til norðurs upp á Sátu. Sáta er klapparhjalli sem jökullinn lá fram á um 1880 og lokaði þar með Heinabergsdal. Ofan af Sátu er gott útsýni yfir Heinabergslón, inn Heinabergsdal og yfir jökulöldurnar. Þaðan er gengið með hlíðinni austur í Bólstaði og að fossinum sem þar er. Hægt er að lengja gönguna og halda áfram neðan undir hlíðunum að vesturhluta *Fláajökuls*. (leið 8a) Þar gefur að líta stórbrotin hamrabelti með einstökum berggöngum og handan árinnar blasir Miðfellið við með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum. **Ekki er ráðlegt að vaða ána og því er gengin sama leið til baka að fossinum.** Þaðan liggur leiðin til suðurs að Heinum, sem eru afar fallegir stuðlabergsklettar sem liggja lárétt og láta lítið yfir sér úr fjarlægð. Að lokum er gengið til suðvesturs yfir áraurana að upphafsstað við lónið. Á aurnum má sjá mörg skemmtileg litbrigði í skófunum sem myndast hafa á steinunum og nefndar eru *heilaslettur eða grautarslettur.*

Hvalbein í fjöru — Mynd: Sigurlaug Gissurardóttir

9. Heinabergsdalur – Vörp

Upphafsstaður: Heinabergslón. **Lengd:** 12 – 20 km, góð dagsganga **Hækkun:** 350 m

Leiðarlýsing: Ekið er sem leið liggur frá þjóðvegi 1 vestan Flateyjar að bílastæði við Heinabergslón. Þaðan er um tvær leiðir að velja til að komast inn á Vörp en útsýnið þaðan yfir *Vatnsdalslón* er stórkostlegt. Annar möguleikinn er að ganga vegslóðann sem liggur inn eftir vestanverðum Heinabergsdal inn á miðjan dal og síðan eftir kindagötum inn á Vörp. Fallegri leið en erfiðari er að ganga upp á Sátu, (sjá leið 8) halda síðan niður í dalinn og vaða yfir Dalána sem er auðveld yfirferðar framarlega í dalnum. Síðan er gengið upp á vegslóðann og áfram eins og áður er lýst. Fallegir fossar, gil og berggangar bera fyrir augu á leiðinni og flóðöldur sem sýna fyrri vatnshæð Dalslóns. Oft má sjá hreindýr á þessum slóðum.

Gamli bærinn í Heinabergi — Mynd: Í eigu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

10. Gamla *Heinaberg* – Nýja *Heinaberg*

Upphafsstaður: Heinabergsnes vestanvert. **Lengd:** 2 – 6 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er línuvegurinn sem liggur norðan *sandræktar* í Flatey, austur að Heinabergsnesi sem er klettabelti vestan *Hólmsár*. Þar stóð Heinabergsbærinn upphaflega og sjást rústir hans greinilega enn. Árið 1890 var bærinn fluttur upp undir Heinabergsfellið þar sem hann stóð uns hann fór í eyði 1934. Áhugavert er að ganga um klettabeltið, allt austur að *Hólmsá*. Glöggt má sjá hvernig Heinabergsvötnin hafa í áranna rás borið ógrynni af sandi og möl þarna upp að. Gengið er sem leið liggur aftur til baka en einnig má lengja gönguna og halda til norðvesturs eftir vegslóða yfir Hellranes að nýja bæjarstæðinu undir *Heinabergsfelli* (leið 10a) og setja sig í spor fólksins sem fyrr á öldum þurfti að flýja með bæi sína hól af hól vegna ágangs jökulvatnanna.

11. Heinabergsás - *Heinabergsfell*

Upphafsstaður: Bílastæði við Heinabergsás. **Lengd:** 4 km **Hækkun:** 100 m

Leiðarlýsing: Ekið er frá þjóðvegi 1 vestan Flateyjar sem leið liggur að bílastæði við Heinabergsás. Gengið er upp á klettabeltið, þar sem sjá má mikið af fallegum bergmyndunum. Á nokkrum stöðum sést hvernig vatn hefur beljað yfir klettana og hreinsað af þeim allan gróður. Á þeim stöðum sjást bergmyndanirnar einstaklega vel. Þaðan er gengið til norðurs yfir aurana og upp klettahjallana á *Heinabergsfell* vestanvert. Af fellinu er mjög gott útsýni til *Heinabergsjökla* og fjallanna þar í kring. Einnig er gott útsýni fram yfir þetta harðbýla svæði sanda og vatna. Áður en gengið er niður af fellinu austanverðu er tilvalið að leggja lykkju á leið sína til norðausturs. Þar má sjá mikið af hvalbökum og handan árinnar blasir Miðfellið við með margbreytilegum stuðlabergsmyndunum. Af fellinu er gengið niður að bæjartóftum Heinabergsbæjarins sem fór í eyði 1934. Þaðan er gengið vestur með klettunum að upphafsstað eða inn á leið 10a til suðurs að Gamla Heinabergi. Frá vesturenda *Heinabergsfells* er einnig hægt að ganga sem leið liggur að Heinum (11a) og áfram inn í Bólstaði (sjá leið 8)

Grettistak á jökulsorfnum klöppum — Mynd: Rannveig Einarsdóttir

12. *Eskey*

Upphafsstaður: Áningarstaður vestan við *Hólmsá*. **Lengd:** 1,5 km, rúmlega klukkustund **Hækkun:** Lítil

Leiðarlýsing: Gengið er gegnum gönguhlið upp á *Eskey* að fræðandi örnefna- og upplýsingaskiltum um jarðfræði, jökla og jökulhlaup. Þaðan er gott útsýni. Skammt frá eru tóftir Eskeyjarbæjarins. Haldið er til suðurs yfir eyjuna og niður skarð þar sem áður var aðkoma að bænum. Þaðan er haldið til vesturs sunnan undir harmavegg og þegar svipast er um upp undir brún má sjá hrafnslaup. Að suðvestanverðu er gengið aftur upp á eyna og þar gefur að líta ýmsar búsetuminjar s.s. fjárrétt og tóftir. Á þessum slóðum hafa bjarndýr gengið á land. Bjarndýrshóll sem er austan *Hólmsár* dregur nafn sitt af því. Stikuð leið.

13. Bakki – Keldholt

Upphafsstaður: Klapparholtið Mjöðm. **Lengd:** 6 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Frá Klapparholtinu Mjöðm sem er við vegslóða er liggur út á Suðurfjörur (sjá leið 14), er gengið út að eyðibýlinu Bakka, þaðan út í hólmana og austur eftir þeim. Síðan er farið upp hjá Litla- Keldholti og Stóra-Keldholti og þaðan aftur að Mjöðm. Þarna er einstakt votlendisvistkerfi og mikið fuglalíf.

Yfir Heinabergslón — Mynd: Rannveig Einarsdóttir

14. Skinneyjarvík

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1 við Hellisholt. **Lengd:** Að vild hvers og eins. **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er vegslóði frá þjóðvegi 1 suður með *Hólmsá* austanverðri og út á fjörur. Ekið er yfir klapparholt sem vert er að staldra við og skoða. Holtið nefnist *Skinney* og þar var áður stórbýli. *Skinneyjarhöfði* nefnist klettur sem er í flæðarmálinu vestan Hólmsár eftir að útfall hennar breyttist haustið 2002. Þar var útræði fram til 1960. Lífríki fjörunnar og ströndin eru alltaf jafn heillandi og oft má sjá einn og einn forvitinn sel skjóta upp kollinum. Þetta svæði býður upp á létta og hressandi útivist við allra hæfi. **Varast ber að fara of nálægt bökkum *Hólmsár*, þar sem þeir eru lausir og áin grefur oft undan þeim.**

15. *Melatangi* - Hvanneyjarviti

Upphafsstaður: *Melatangi* **Lengd:** 7 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er vegslóði frá þjóðvegi 1 suður með Hólmsá austanverðri, út á fjörur og þaðan sem leið liggur austur Suðurfjörur að *Melatanga*. **Varasamt getur verið að aka út fyrir vegslóðann.** Á Melatanga má sjá minjar frá stríðsárunum s.s. húsarústir, bryggju og flugvöll. Einnig eru þarna leifar nokkurra skipa sem farist hafa í Ósnum. Gaman er að ganga austur á Hvanneyjarkletta og virða fyrir sér innsiglinguna sem er mjög straumþung. Frá þessum stað sést Höfn frá nýju sjónarhorni. **Gæta skal varúðar þegar gengið er uppi á klettunum þar sem þeir geta verið blautir og hálir.**

Fláajökull norðan Jökulfells — Mynd: Sigurlaug Gissurardottir

16. Hólmur – *Fláajökull*

Upphafsstaður: Hólmur **Lengd:** u.þ.b. 6 km, létt ganga á sléttlendi. **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Lagt er upp frá bæjarhlaði í Hólmi og gengið eftir gömlum vegslóða sem liggur til norðurs í átt að *Fláajökli*, inn að klapparholti sem nefnist Gervisholt. Gengið er vestan við það, meðfram litlum læk, beina leið inn að Hólmssandi, þar sem áður voru víðáttumikil *sandræktartún*. Fylgt er vegslóða inn í girðinguna og þaðan til norðurs með læk á hægri hönd að uppsprettu hans nyrst í girðingunni. Þaðan er fylgt varðaðri leið þar til komið er inn á fræðslustíg í Öldum. (leið 20) Þeim stíg er síðan fylgt inn að Jökullóni, framan *Fláajökuls*. Þar getur fólk valið um hvort það vill ganga til austurs í átt að Fláfjalli (leið 21) eða eftir fræðslustígnum sem liggur í vestur eftir háöldunum og liggur síðan aftur inn á fyrrnefnda gönguleið og til baka heim að Hólmi. Mikið fuglalíf er á þessari leið og greinilega má sjá stöðu jökulsins á mismunandi tímum.



Spáð í bergið í Fláfjalli — Mynd: Sigurlaug Gissurardóttir

17. Brunnhóll - *Fláajökull*

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1 við Brunnhólsá. **Lengd:** u.þ.b. 6 km, létt ganga á sléttlendi **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Gengið er eftir vegslóða sem liggur inn á *sandræktartún* Árbæjar og Einholts. Framan Hólagarnar er mögulegt að leggja lykkju á leið sína að *Þingskálahólum* (leið 18) annars haldið áfram allt að girðingu, þar sem er gönguhlið. Síðan er gengið yfir móann með bökkum Hleypilækjar, yfir jökulöldurnar og að lóninu framan *Fláajökuls*. Mikið fuglalíf er á þessari leið. Stytta má leiðina með því að aka inn að Sandatúnum.

18. Brunnhóll - *Þingskálahólar*

Upphafsstaður: Þjóðvegur 1 við Brunnhólsá. **Lengd:** 3 km **Hækkun:** Óveruleg

Leiðarlýsing: Gengið er eftir vegslóða sem liggur inn á *sandræktartún* Árbæjar og Einholts. Framan Hólagarnar er sveigt til vesturs að klettabelti sem nefnist *Þingskálahólar*. Einnig er hægt að keyra inn á Sandatún og hefja göngu þar. Ýmis örnefni s.s. Þingbrekka, Drekkingarhylur og Gálgaklettur benda til þess að þar hafi til forna verið þingstaður. Gott útsýni yfir *sandræktir* á Mýrum.

19. Öldur – *Baulutjörn*

Upphafsstaður: Við fremstu jökulöldur **Lengd:** 8 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er vegslóði sem liggur inn að *Fláajökli* að fremstu jökulöldunum. Gengið sem leið liggur austur með Öldunum eftir greinilegum vegslóða að bökkum Hleypilækjar. Síðan er haldið yfir móann að *sandræktartúnum* og áfram austur bakka Hleypilækjar og síðan Djúpár. Leiðarlok eru við þjóðveg 1 austan við *Baulutjörn*. Á vorin og sumrin er móinn iðandi af fuglum. **Víða geta verið bleytur á leiðinni og vaða þarf Holtakíl, smá kíl sem rennur úr *Baulutjörn***

20. *Fláajökull* - fræðslustígur um hopunarsöga jökulsins

Upphafsstaður: Bílastæði við *Fláajökul*. **Lengd:** Um klst ganga. **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er vegslóði inn undir *Fláajökul*. Gengið er frá bílastæði (kaldri gestastofu) sem leið liggur eftir merktum göngustíg að varnargarði frá 1937 og þaðan til vesturs að bökkum *Hólmsár*. Þar gefur að líta árfarveginn sem mokaður var með handverkfærum sama ár. Áin hefur nú breikkað hann mikið. Haldið er áfram að töftum vinnubúða sem komið var upp þegar unnið var við varnargarðinn. Þaðan er gengið til austurs yfir jökulöldurnar þar sem sjá má gamla árfarvegi og einstaka grettistök. Leiðin liggur síðan að enda varnargarðs frá 2002. Garðurinn er mikið mannvirki og listilega hlaðinn. Að lokum er gengið til vesturs eftir hárri jökulöldu að upphafsstað. Af ölduoppunum er gott útsýni yfir nýmyndað jökullón við *Fláajökul* og einnig má glöggt sjá á jökulöldunum fyrrum útbreiðslu jökulsins til suðurs sem náði hámarki í lok litlu Ísaldar um 1880. Vörður leið með fræðsluskiltum.

Stuðlaberg í Miðfelli — Mynd: Sigurlaug Gissurardóttir

21. Jökulöldur – Fláfjall – *Fláajökull*

Upphafsstaður: Eins og leið 20 eða við austurenda varnargarðs. **Lengd:** 3 – 5 km **Hækkun:** Engin

Leiðarlýsing: Ekinn er vegslóði inn undir *Fláajökul* og austur á enda varnargarðs frá 2002. Gengið er yfir jökulöldurnar í áttina að Fláfjalli og inn með því alveg inn að jökulsporðinum. Fremst í Fláfjalli er mikið af sérkennilegum bergmyndunum sem eru nýkomnar undan jöklinum, jökulsorfnar og gróðurlausar. Þarna má sjá skólabókardæmi um landmótun af völdum jökla, jökulruðninga og einstaka gróðurframvindu við jökulröndina. **Við jökulröndina geta verið varasamar bleytur.** Vörðuð leið. Fræðsluskilti væntanleg.

22. Jökulöldur – Sinuhjallar

Upphafsstaður: Bílastæði við austurenda varnargarðs. **Lengd:** 3 km **Hækkun:** 180 m

Leiðarlýsing: Gengið er yfir jökulöldurnar í áttina að Fláfjalli (sjá leið 21) Þar sem leiðir greinast er haldið áfram til austurs framan Hnausa, sem eru grasivaxnar brekkur fremst í Fláfjalli. Gengið er aðeins inn með Fláfjalli að austanverðu og síðan upp á Sinuhjallana. Þaðan er frábært útsýni yfir Fláajökul, lónið fyrir framan hann og allan Hornafjörð. Skemmtilegir gilskorningar og gjótur sorfnar eftir vatn eru austan megin í Fláfjalli. Í rigningum fossar þarna vatn, en í þurrkum er hægt að ganga inn í gilskorningana. Þótt leiðin sé stórgrýtt er hún frekar auðveld, nema upp á Sinuhjallana. Þar er nokkuð á fótinn.

Sinuhjallar — Mynd: Sigurlaug Gissurardóttir

23. *Haukafell* - Fræðslustígur

Upphafsstaður: Þjónustuhús við tjaldstæðið. **Lengd:** 2,5 km **Hækkun:** 80 m.

Leiðarlýsing: Gengið er yfir tjaldstæðið og upp að tóftum gamla bæjarins, Þaðan er haldið til austurs og í gegnum skóginn inn með ánni, að fossinum í Hálsdalsá, sem er bæði fallegur og nothæfur til baða á heitum dögum. Gengið er upp Fossbrekku og fram eftir klettabrúnunum. Þaðan er fallegt útsýni. Áfram er gengið til norðvesturs yfir Kúamýri og síðan suður eftir, fram fyrir Gamlatún og vestur á klettanefið við Kolgrafardalsá. Þaðan er svo gengið sem leið liggur heim að þjónustuhúsi. Út frá þessari gönguleið eru síðan stuttir krókar og einnig geta menn stytt sér leið. Leiðin er frekar auðveld, þó eru brekkur sem geta verið erfiðar fyrir þá sem eru vanir að ganga mest á sléttlendi. Stikuð leið með fræðsluskiltum.

24. *Haukafell*

Upphafsstaður: Þjónustuhús við tjaldstæðið. **Lengd:** 3 km **Hækkun:** 110 m

Leiðarlýsing: Gangan hefst eins og leið 23. Þegar komið er upp Fossbrekku er beygt af leið 23 til norðurs og gengið þaðan inn á Djúpadalshnaus, þá til vesturs og komið aftur inn á leið 23 vestan við Kúamýri. Upplagt er fyrir þá sem vilja reyna aðeins meira á sig að ganga þessa leið. Af þessari leið fæst betra útsýni yfir Mýrarnar og inn eftir Kolgrafardal. Stikuð leið með fræðsluskiltum.

Áhugaverðir staðir á Mýrum og austurhluta Suðursveitar

Baulutjörn (leið 19)

Svo nefnist tjörn sem er norðan við bæinn Tjörn í Holtum og er hún á náttúruminjaskrá vegna óvenju mikils lífríkis og fuglalífs. Sögur herma að í Baulutjörn sé nykur og þaðan hafa oft heyrst drunur líkastar bauli, sérstaklega á undan vondum veðrum. Til er munnmælasaga um það hvernig þessi nykur er til orðinn. Þetta var á þeim tíma, sem blóð úr skepnum var notað á þann hátt að búa til úr því villibráð. Var hún búin til á þann hátt, að blóðið var tekið heitt úr skepnunni, látið yfir eld, en ekki soðið. Síðan var það kryddað með rúsínum, sykri, kanel og fleiru og þótti þá herramannsréttur. Einu sinni sem oftar var nauti slátrað í Holtum. En er hálfbúið var að flá nautið voru slátrunarmennirnir kallaðir til að borða villibráðina, sem þá var tilbúin. Fóru allir inn nema einn drengur. En þegar allir voru farnir, sá hann tittling koma og flaug hann inn um strjúpann á nautsskrokknum. Fór þá skrokkurinn að hreyfast og drengurinn varð hræddur, hljóp heim af blóðvellinum og sagði frá þessu. Fóru menn þá út og sáu hvar nautið með hálfdregna húðina hljóp og steypti sér í tjörnina.

Borgarklettur — Mynd: Rannveig Einarsdóttir

Borgarklettur

Borgarklettur á Mýrum er skammt fyrir norðaustan bæinn á Borg. Hann er mjög áberandi í annars flötu og mýrlendu landi. Efst uppi á klettinum austanverðum er mjög forn hringlaga tóft sem kölluð hefur verið Goðaborgin rannsökuð og kom þá ýmislegt í ljós sem benti til að þarna hefði verið aftökustaður. Nokkrar þjóðsögur tengjast Borgarkletti sem óneitanlega er sveipaður mikilli dulúð. Talið hefur verið að við klettinn sé fólgin gullkista en ekki má leita hennar því þá brennur bærinn á Borg. Aldrei mátti slá grasið uppi á klettinum né heldur hrófla við honum á nokkurn hátt. Þó var sú undantekning frá þessu að hestur einn í eigu bóndans á Borg fór einn dag á ári upp á klettinn. Þar beit hann fylli sína og stóð góða stund og horfði í kringum sig áður en hann fetaði sig aftur niður af klettinum. Ekki fer neinum sögum af því að þetta háttalag hestsins hafi valdið nokkrum skaða vegna þeirra álaga sem hvíla á klettinum.

Brunnhólskirkja — Mynd: Í eigu Unnar Kristjánsdóttur

Brunnhólskirkja

Á Mýrum mun alla tíð hafa verið ein kirkjusókn Einholtssókn. Lengi vel var kirkjan í Einholti og var hún svokölluð Maríukirkja. Vegna ágangs vatna var kirkjan flutt að Holtum árið 1824. Um 1840 fóru menn að huga að því að flytja kirkjuna frá Holtum að Slindurholti þar sem hún stendur núna. Ástæður voru þær að kirkjugarðurinn var orðin útgrafinn og ekki hægt um vik með stækkun. Það var þó ekki fyrr en árið 1899 sem kirkjan í Holtum var rifin og byggð ný kirkja að Slindurholti þar sem hún stendur enn.
Kirkjan var smíðuð af Móritz Steinsen. Brunnhólskirkja er í Kálfafellsstaðarprestakalli. Hún er friðuð vegna aldurs og hafist var handa við endurbyggingu hennar árið 2005.

Brú yfir Heinabergsvötn (leiðir 6, 7)

Heinabergsvötn runnu úr Heinbergsjökli og voru áður fyrr mikið vatnsfall og farartálmi. Á fimmta áratug 20. aldar var ráðist í það stórvirki að brúa Heinabergsvötn, en skömmu eftir að brúin hafði verið tekin í notkun, hafði jökullinn minnkað svo að vatnið í Heinabergsvötnum tók að renna í Kolgrímu og hefur gert það síðan. Brúin yfir Heinabergsvötn var mikið mannvirki á sínum tíma og er þögult vitni um hversu baráttan við vötnin reyndist oft á tíðum vonlaus.

Fláajökull (leiðir 8a, 16, 17, 19, 20, 21)

Einn skriðjöklanna sem ganga suður úr Vatnajökli nefnist Fláajökull. Algengur skriðhraði þeirra er um einn metri á dag og eru þeir mikilvirkir í mótun landsins. Fyrir framan skriðjöklana má víða sjá háa jökulgarða eða öldur. Um tíma leit út fyrir að byggð legðist af á Mýrum vegna ágangs jökla og vatnsfalla frá þeim. Upplagt er að rölta um jökulöldurnar og reyna að setja sig í spor fólksins sem árið 1937 barðist með handaflinu einu og með aðstoð þarfasta þjónsins við að hemja jökulvötnin. Nýlegar rannsóknir benda til þess að jöklar á Mýrum hafi náð mestri útbreiðslu undir lok átjándu aldar og náð aftur svipaðri útbreiðslu undir lok þeirrar nítjándu. Eftir það tók við hlýskeið með hopun jöklanna. Mælingar sýna að síðast liðin hundrað ár hefur Fláajökull hopað um rúma tvo kílómetra. Við þessa hopun hefur komið undan jökli land sem þekur tæpa 20 km^2. Vatnajökull með öllum sínum mikilfenglegu jökultungum er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þannig hefur ógnin sem fólst í nálægð jökulsins áður, snúist í tækifæri til markaðssóknar fyrir ferðaþjónustuna.

Að leik í Haukafelli — Mynd: Súsanna Torfadóttir

Haukafell (leiðir 23, 24)

Heimildir eru um búsetu í Haukafelli frá 1658, en jörðin hefur verið í eyði síðan 1937. Upphaflega stóð bærinn vestan undir Haukafellshálsi, en árið 1880 var hann fluttur austur fyrir hálsinn. Þá var Fláajökull í örum framgangi og aðeins steinsnar frá túninu. Sagan segir að 7 ára drengur hafi gert sér að leik að kasta smásteinum af túninu og yfir á jökulinn.
Árið 1988 eignaðist Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu hluta úr Haukafellsjörðinni fyrir tilstuðlan hjónanna Ásgríms Halldórssonar og Guðrúnar Ingólfsdóttur, en félagið hafði plantað þar ungplöntum frá árinu 1985. Svæðið sem í daglegu tali er nefnt Haukafell, er þó aðeins lítið brot af sjálfri Haukafellsjörðinni. Þar er nú kominn vísir að skógi, berjaland er gott og svæðið hefur mikið útivistargildi. Þar er einnig gott tjaldsstæði og hreinlætisaðstaða.



Heilaslettur og grautarkleimur — Mynd: Rannveig Einarsdóttir

Heilaslettur og grautarkleimur (leið 8)

Í þjóðsögunni kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn segir frá karli og kerlingu sem ætluðu að færa Sankti Maríu grautarafganga. Þau reistu stiga upp til himna, en þegar þau voru komin nokkuð áleiðis tók þau að sundla og duttu bæði ofan og sprengdu í sundur á sér höfðuskeljarnar. Flugu þá heilaslletturnar og grautarkleimurnar um allan heim. Þar sem heilaslettur karls og kerlingar komu á steina urðu úr þeim hvítar dröfnur, en úr grautarkleimunum urðu hinar gulu og sjást hvorar tveggja enn í dag á grjóti.



Heinabergsvatnabrú — Mynd: Rannveig Ólafsdóttir

Heinabergsjökull – Heinabergfell - Vatnsdalur (leiðir 8, 9, 10, 11)

Heinaberg heitir fell nokkurt fyrir framan mynni Heinabergsdals. Þar var búið til ársins 1934. Talið er að fellið dragi nafn sitt af bergtegund sem er í höfðum vestur af bænum, sem heita Heiðnar eða Heinar. Um aldamótin 1900 fengust í verslunum hér ljábrýni úr sömu eða líkri bergtegund og nefndust þau heinabrýni. Inn af Heinabergsdal er Vatnsdalur. Þar er heit lind og jökullón sem áður hafði yfirfall um svonefnd vörp sem eru innst á Heinabergsdal. Eftir að jöklar tóku að hopa eftir 1880 minnkaði jökulfargið. Um síðir var jökulsporðurinn orðin svo þunnur að vatnið náði að lyfta honum upp og lónið tæmdist. Þetta kallaðist Vatnsdalshlaup og kom oftast einu sinni á ári. Hlaupin voru stór og færðu mestallt láglendi sveitarinnar á kaf. Jafnhliða því

Kortið er í fleiri hlutum
Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur

Mælikvarði: 1:50 000

1000 m 500 0 5 km

Uppdráttur um gönguleiðir með þessum lit eru á korti yfir Suðursvæði og Nes

Gönguleið, stikuð
Gönguleið, óstikuð
Aðalvegur
Aðrir vegir
Vegnúmer
Eyðibýli
Reiðleið

Bílastæði
Jaðrakar
Jeppaferðir
Fjallaskálar
Tjaldstæði
Gisting
Ferðaþjónusta bænda
Bensínafgreiðsla
Ánuvernd fuglalíf
Ánuvarðar staðir
Upplýsingar
Númer gönguleiðar

Upprgræðslusvæði

m.y.s.
1600
1500
1400
1300
1200
1100
1000
900
800
700
600
500
400
300
200
100
0

Nýgræður
Melatangi
Einholtskletar
4156302.23 m

Skinneyjarvík
Skinney
Melatangi
Borgarfjara
Hvítaberg
Lambodda-sker
Skroppa
Vondamýri
Stóra-Bót
Hamraleirur
Lambodd-ar
Hvanneyri
Hvanney
Einholtskletar
4156302.23 m

Hoffellsfjall
Hoffellsjökull
Svínafellsjökull
Skálafellsjökull
Fláajökull
Öræfajökull
Breiðamerkurjökull
Suðursveit
Hálsasveit
Nes
Mýrar
Lón
Vatnajökull
Vatnajökulsþjóðgarður

Hvannstóð
Hálsar
Hólar
Tangar
Hellar
Hellaland
Vað
Sléttur
Steinasandur
Steinavötn
Borgartanga
Borgartanga-vegur
Borgartanga-hólar
Borgartanga-hlíð
Borgartanga-fjall
Borgartanga-fjall Vörð
Borgartanga-fjall Hæst
Borgartanga-fjall Lægst
Borgartanga-fjall Gamli-Garður
Borgartanga-fjall Kross
Borgartanga-fjall Sigtún
Borgartanga-fjall Hellisholt
Borgartanga-fjall Bleikhamar
Borgartanga-fjall Hestgerðis-hnúta
Borgartanga-fjall Hestgerðis-hlíð
Borgartanga-fjall Leikhamar
Borgartanga-fjall Leikhamar-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hlíð
Borgartanga-fjall Leikhamar-vegur
Borgartanga-fjall Leikhamar-gil
Borgartanga-fjall Leikhamar-skarð
Borgartanga-fjall Leikhamar-tjörn
Borgartanga-fjall Leikhamar-tjarnir
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæð
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur-hlíð-hnúkur
Borgartanga-fjall Leikhamar-hæðir-hnúkur-hlíð